

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Þegar lög um fiskimálasjóð voru í öndverðu sett á Alþingi árið 1934, var kveðið svo á í 14. gr., að stjórn sjóðsins veiti „stofnunum, einstaklingum og félögum lán eða styrk“, eftir því sem nánar er fram tekið í lögnum. Með nýjum lögum 1947 var þessi starfsemi sjóðsins nánar aðgreind. Er þar m. a. svo fyrir mælt í 5. gr., að veitt verði „viðbótarlán gegn síðara veðrétti til stofnunar alls konar fyrirtækja, er horfa til eflingar fiskveiðum og hagnýtingu sjávarafurða, og séu lán þessi einkum veitt til þeirra staða, þar sem er tillínanleg vöntun slíkra fyrirtækja, en lítið fjármagn fyrir hendi“. Hámark slíkra lána var ákveðið 150 þús. kr. eða 25% stofnkostnaðar. Vextir skyldu vera hinir sömu og hjá Fiskveiðasjóði Íslands.

Samkvæmt þessum lögum hafa á síðustu árum verið veitt allmörg lán til hraðfrystihúsa, heimanjölsværksmiðja og annarra hliðstæðra fyrirtækja til eflingar fiskveiða og hagnýtingar sjávarafurða víðs vegar um land. Hefur eftirspurn eftir þessum lánum verið mjög mikil, ekki sízt eftir að það kom í ljós, að fyrirtæki þessi gátu ekki fengið 1. veðréttar lán í stofnlánadeild sjávarútvegsins.

Í árslok 1949 mun sjóðurinn hafa átt útstandandi um 5.9 millj. kr. í lánum, en allmikið af þeim var raunar veitt áður en löggin frá 1947 tóku gildi. Nú hefur eftirspurnin orðið svo mikil, að engin leið hefur verið til að fullnægja henni jafnóðum, og hefur stjórn sjóðsins þá gripið til þess ráðs, til að veita þessum bráðnaðsynlegu fyrirtækjum einhverja úrlausn, að gefa fyrirheit um lán af tekjum næstu ára, og hafa þau loford verið staðfest af ríkisstjórninni. Þessi fyrirheit um lán nema nú nokkuð á fjórðu milljón króna, til 29 fyrirtækja, og er gert ráð fyrir, að sum þessara lána verði ekki borgað út fyrr en á árinu 1952, enda verður sjóðurinn árlega einuig að sinna öðrum verkefnum en lánveitingum, þ. e. ýmiss konar tilraunum og rannsóknum í þágu sjávarútvegsins. Einn eru þó fyrirbyggjandi hjá stjórn sjóðsins allmargar umsóknir, sem ekki hefur þótt fært að afgreiða á meðan ekki voru aðrir möguleikar til tekjuóflunar en löggin ákváðu. En árlegar tekjur sjóðsins eru ½% gjald af útflutningsverðmæti sjávarafurða, annarra en saltsildar og vara, sem fluttar eru út í tilraunaskyni. Urðu þessar tekjur um 1.3 millj. kr. á árinu 1949.

Eins og geta má nærri er það mjög bagalegt fyrir þá, sem sótt hafa um lán úr sjóðnum, að geta ekki fengið lánið útborgað fyrr en eftir langan tíma og jafnvel enga afgreiðslu sinna mála að svo stöddu og það því fremur sem stöðugt hefur verið að þrengjast um möguleika til lánsútvegum á annan hátt. T. d. mun vanta um ½ millj. kr. til þess að hægt hafi verið að borga út lán, sem lofað hafði verið til útborgunar á árinu 1949. Það frv., sem hér liggur fyrir, var, eftir því sem segir í greinargerð þess, flutt í háttv. efri deild til þess að reyna að ráða bót á vandkvæðum þessum, og þá fyrst og fremst með því að auka tekjur sjóðsins. Var í frv. lagt til, að ríkissjóði yrði gert skylt að greiða fiskimálasjóði 1 millj. kr. árlega í næstu 10 ár. Jafnframt var lagt til, að heimilt yrði að veita allt að 350 þús. kr. lán í stað 150 þús. kr., sem nú er í lögum, eða allt að 50% af stofnkostnaði til þeirra fyrirtækja, er ekki hefðu fengið hámarkslán í stofnlánadeild, og loks, að vextir yrðu hækkaðir úr 4% niður í 2½%. Mundu slíkar ráðstafanir bæta nokkuð úr lánsfjárskortí margra mjög aðþrengdra fyrirtækja, einkum í hinum smærri verstöðvum, sem nú geta ekki lokið framkvæmdum sínum og hiða af því stórtjón, samhliða því sem almenníngur á viðkomandi stöðum á framfaratvinnu sína og lífsmöguleika í hættu, ef framkvæmdirnar stöðvast. Er hér um að ræða verstöðvar í öllum landsfjórðungum.

Í háttv. efri deild hefur nú með einkennilegum hætti verið brugðið fæli fyrir þetta mál. Var þar við 3. umr. samþykkt brtt. við frv., sem kveður svo á, að ekki megi nota til útlána nema í mesta lagi 40% af tekjum sjóðsins, þ. á m. fyrirhuguðu framlagi ríkissjóðs, og er þá svo komið, ef frumvarpið yrði að lögum með þeirri breytingu, að fé það, sem sjóðurinn hefði til útlána, yrði minna en hann hefði haft að óbreyttum lögum. Væru þá að sama skapi rýrðir möguleikar hinna smærri verstöðva víðs vegar um land til að fá þá hjálp til að bjarga við aðalatvinnuvegi sínum, sem sjóðurinn átti að veita. Á slíka afgreiðslu frv. getur minni hluti sjútvn. með engu móti fallið og telur, að betra væri frá sjónarmiði lánbeiðenda að fella frv. en samþykkja það eftir því líka meðferð. Jafnframt vill minni hl. henda á, að ákvæði frv., eins og háttv. efri deild gekk frá því, fá með engu móti staðizt. Ef frv. væri samþykkt eins og það er nú, væri niðurstaðan sú, að hámark einstakra lánveitinga væri hækkað, en lánsféð í heild jafnframt minnkað. Er auðsætt, að ekki er heil brú í slíkri afgreiðslu.

Þau 29 fyrirtæki (hraðfrystihús, fiskimjölsverksmiðjur o. fl.), sem samkvæmt loforði eiga að fá útborguð lán úr fiskimálasjóði á árunum 1950—52, skiptast þannig eftir landshlutum:

Við Faxaflóa .....	3
— Breiðafjörð .....	4
Á Vestfjörðum .....	12
— Norðurlandi .....	4
— Austfjörðum .....	5
— Suðurlandi .....	1

Til þessara fyrirtækja hefur, eins og fyrr var sagt, verið lofað nokkuð á fjórðu milljón króna, en gera má ráð fyrir, að sú upphæð gæti hækkað um helming eða vel það, ef hámark láns væri fært úr 150 þús. kr. upp í 350 þús. kr., eins og frv. enn gerir ráð fyrir. Auk þessa eru svo þau fyrirtæki, sem sótt hafa, en engin loforð fengið fyrir láni úr sjóðnum. En meðal þeirra eru tvær verkunarstöðvar fyrir saltfisk.

Minni hlutinn viðurkennir fyllilega nauðsyn þess að halda uppi ýmiss konar rannsóknum og tilraunum í þágu sjávarútvegsins, svo sem síldarleit og leit að fiskimiðum, veiðarfæratilraunum o. s. frv. Hitt virðist þó engu síður nauðsynlegt, að tæki séu í verstöðvunum til að hagnýta sem bezt þann sjávarafla, sem á land berst, og hefur lánastarfsemi sjóðsins miðað að því, að svo mætti verða. Eðlilegt virðist að leggja það, eins og gert hefur verið, á vald stjórnar fiskimálasjóðs, sem kjörin er af Alþingi, og ríkisstjórnarinnar að gera sér grein fyrir því á hverjum tíma, hversu skipta beri fé sjóðsins milli styrkveitingastarfsemi til rannsókna og tilrauna annars vegar og lánastarfsemi hins vegar. Þykir ekki ástæða til að binda hendur þessara aðila á þann hátt, sem brtt. sú, er samþykkt var í háttv. efri deild, gerir ráð fyrir.

Að þessu athuguðu leggur minni hl. til, að frv. verði samþykkt, að því tilskildu, að jafnframt verði samþykkt svo hljóðandi

#### BREYTINGARTILLAGA:

Við 2. gr. Síðari másl. falli niður.

Alþingi, 26. marz 1950.

Gísli Guðmundsson.